

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1088/2010

2012/EES/67/04

frá 23. nóvember 2010

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 976/2009 að því er varðar niðurlags- og vörpunarþjónustu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) <sup>(1)</sup>, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 frá 19. október 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar netþjónustu <sup>(2)</sup> eru settar fram sameiginlegar tækniforskriftir og lágmarksnothæfisviðmiðanir fyrir tvær tegundir af netþjónustu — skoðunar- og leitarþjónustu.
- 2) Niðurlagsþjónusta og vörpunarþjónusta teljast einnig til netþjónustu. Niðurlagsþjónusta er þjónusta sem veitir notendum aðgang að þeim upplýsingum sem er að finna í landgagnasöfnum og varða þau landgagnaþemu sem skilgreind eru í tilskipun 2007/2/EB. Landgagnasöfn sem eru gerð aðgengileg með niðurlagsþjónustu skulu vera í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 <sup>(3)</sup>. Vörpunarþjónusta er þjónusta sem hægt er að nota til að færa landgagnasöfn til samræmis við þá reglugerð.
- 3) Til að tryggja rekstrarsamhæfi grunngerðanna fyrir landupplýsingar sem aðildarríkin hafa komið á fót er við hæfi að mæla fyrir um sameiginlegar tækniforskriftir og lágmarksnothæfisviðmiðanir fyrir niðurlagsþjónustu og vörpunarþjónustu.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 8.11.2012, bls. 21.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 976/2009 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMBÝKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 976/2009 er breytt sem hér segir:

1. Í öðrum undirlið 2. gr. bætist eftirfarandi 12. liður við:

„12. „Niðurlag með beinum aðgangi“ (e. *Direct Access Download*): niðurlagsþjónusta sem veitir aðgang að landhlutum í landgagnasafni á grundvelli fyrirspurnar.“

2. Eftirfarandi c- og d-liður bætist við 3. gr.:

„c) þær sértæku kröfur sem við eiga og þá eiginleika sem settir eru fram í I. og IV. viðauka, að því er varðar niðurlagsþjónustu,

d) þær sértæku kröfur sem við eiga og þá eiginleika sem settir eru fram í I. og V. viðauka, að því er varðar vörpunarþjónustu.“

3. Eftirfarandi 3. til 6. mgr bætist við 4. gr.:

„3. Aðildarríki skulu sjá niðurlagsþjónustunni fyrir byrjunarstarfsgetu eigi síðar en 28. júní 2012.

4. Aðildarríki skulu veita niðurlagsþjónustu eigi síðar en 28. desember 2012, í samræmi við þessa reglugerð.

5. Aðildarríki skulu sjá vörpunarþjónustunni fyrir byrjunarstarfsgetu eigi síðar en 28. júní 2012.
  6. Aðildarríki skulu veita vörpunarþjónustu eigi síðar en 28. desember 2012, í samræmi við þessa reglugerð.“
4. Í stað I. viðauka komi textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

5. IV. viðauki, sem er settur fram í II. viðauka við þessa reglugerð, bætist við.
6. V. viðauki, sem er settur fram í III. viðauka við þessa reglugerð, bætist við.

2. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## I. VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

## GÆÐI ÞJÓNUSTU

Ekki skal tekið tillit til netþjónustu þriðja aðila, sem tengd er skv. 12. gr. tilskipunar 2007/2/EB, við gerð matsins á gæðum þjónustu til að komast hjá hvers kyns skemmdum af völdum keðjuverkunar.

Eftirfarandi viðmiðanir fyrir gæði þjónustu að því er varðar afköst, afkastagetu og tiltækileika, skulu tryggðar.

## 1. AFKÖST

Með venjulegum aðstæðum er átt við tímabil sem eru utan við mesta álagstíma. Það telst vera 90% af tímanum.

Svartíminn fyrir fyrsta svarið við beiðni frá leitarþjónustu skal vera í mesta lagi 3 sekúndur við venjulegar aðstæður.

Í tilviki 470 kílóbæta myndar (t.d. 800 x 600 myndeindir með 8 bita litadýpt) skal svartíminn fyrir sendingu fyrsta svars við beiðninni „Sækja kort“ til skoðunarþjónustu vera í mesta lagi 5 sekúndur, við venjulegar aðstæður.

Að því er varðar aðgerðina „sækja lýsigögn niðrhalsþjónustu“ (e. *Get Download Service Metadata*) skal svartíminn fyrir sendingu fyrsta svars vera í mesta lagi 10 sekúndur við venjulegar aðstæður.

Að því er varðar aðgerðirnar „sækja landgagnasafn“ (e. *Get Spatial Data Set*) og „sækja landhlut“ (e. *Get Spatial Object*), sem og fyrirspurnir sem taka eingöngu til afmörkunarsvæðis, (e. *bounding box*) skal svartíminn fyrir sendingu fyrsta svars vera í mesta lagi 30 sekúndur við venjulegar aðstæður og auk þess, enn við venjulegar aðstæður, skal niðrhalsþjónustan viðhalda varanlegri svargetu sem nemur meira en 0,5 megabætum á sekúndu eða meira en 500 landhlutum á sekúndu.

Að því er varðar aðgerðirnar „lýsa landgagnasafni“ (e. *Describe Spatial Data Set*) og „lýsa landhlutartegund“ (e. *Describe Spatial Object Type*) skal svartíminn fyrir sendingu fyrsta svars vera í mesta lagi 10 sekúndur við venjulegar aðstæður og auk þess, enn við venjulegar aðstæður, skal niðrhalsþjónustan viðhalda varanlegri svargetu sem nemur meira en 0,5 megabætum á sekúndu eða meira en 500 lýsingum á landhlutum á sekúndu.

## 2. AFKASTAGETA

Lágmarksfjöldi beiðna til leitarþjónustu sem er sinnt samtímis, samkvæmt afkastaviðmiðuninni „gæði þjónustu“, skal vera 30 á sekúndu.

Lágmarksfjöldi beiðna til skoðunarþjónustu sem er sinnt samtímis, samkvæmt afkastaviðmiðuninni „gæði þjónustu“, skal vera 20 á sekúndu.

Lágmarksfjöldi beiðna til niðrhalsþjónustu sem er sinnt samtímis, samkvæmt afkastaviðmiðuninni „gæði þjónustu“ skal vera 10 á sekúndu. Fjöldi beiðna sem er unnið úr samhliða má takmarka við 50.

Lágmarksfjöldi beiðna til vörpunarþjónustu sem er sinnt samtímis, samkvæmt afkastaviðmiðuninni „gæði þjónustu“, skal vera 5 á sekúndu.

## 3. TILTÆKILEIKI

Netþjónusta skal vera tiltæk 99% af tímanum.“

---

## II. VIÐAUKI

## „IV. VIÐAUKI

## NIÐURHALSÞJÓNUSTA

## A-HLUTI

## Niðurhalsaðgerðir

## 1. SKRÁ YFIR AÐGERÐIR

Til að vera í samræmi við c-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB verður niðurhalsþjónustan a.m.k. að geta framkvæmt aðgerðirnar sem taldar eru upp í töflu 1 í þessum viðauka.

Tafla 1

Starfsemi	Hlutverk
Sækja lýsigögn niðurhalsþjónustu	Veitir allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustuna, tiltæk landgagnasöfn og lýsir þjónustugetunni.
Sækja landgagnasafn	Aðgerðin „sækja landgagnasafn“ gerir kleift að sækja landgagnasafn.
Lýsa landgagnasafni	Þessi aðgerð skilar lýsingu á öllum tegundum landhluta sem er að finna í landgagnasafninu.
Tengja niðurhalsþjónustu (e. <i>Link Download Service</i> )	Gerir opinberu yfirvaldi eða þriðja aðila kleift að tilkynna að tiltæk sé niðurhalsþjónusta til að hala niður landgagnasöfnum, eða landhlutum þegar slíkt er gerlegt, með niðurhalsþjónustu aðildarríkisins á sama tíma og niðurhalsgetan er áfram hjá opinbera yfirvaldinu eða þriðja aðilanum.

Beiðni- og svarstikar hverrar aðgerðar fullkomna lýsinguna á hverri aðgerð og eru óaðskiljanlegur hluti af tækniforskriftum niðurhalsþjónustunnar.

## 2. AÐGERÐIN „SÆKJA LÝSIGÖGN NIÐURHALSÞJÓNUSTU“

## 2.1. Beiðnin „sækja lýsigögn niðurhalsþjónustu“

2.1.1. *Stiki beiðinnar „sækja lýsigögn niðurhalsþjónustu“*

Stiki beiðinnar „sækja lýsigögn niðurhalsþjónustu“ gefur til kynna náttúrulegt tungumál sem nota skal til að tjá efni svarsins við „sækja lýsigögn niðurhalsþjónustu“.

## 2.2. Svar við „sækja lýsigögn niðurhalsþjónustu“

Í svarinu við „sækja lýsigögn niðurhalsþjónustu“ skulu eftirfarandi stikar koma fram:

- lýsigögn niðurhalsþjónustu,
- lýsigögn aðgerða,
- tungumál,
- lýsigögn landgagnasafna.

2.2.1. *Stiki fyrir lýsigögn niðurhalsþjónustu*

Stikar fyrir lýsigögn niðurhalsþjónustunnar skulu a.m.k. ná yfir INSPIRE-lýsigagnastök niðurhalsþjónustunnar.

2.2.2. *Stiki fyrir lýsigögn aðgerða*

Stikinn fyrir lýsigögn aðgerða veitir lýsigögn um aðgerðirnar sem niðurhalsþjónustan framkvæmir. Hann skal a.m.k. innihalda lýsingu á hverri aðgerð, en í því felst a.m.k. lýsing á gögnunum sem skipst er á ásamt netnúmerinu.

### 2.2.3. *Stiki fyrir tungumál*

Gefa skal upp tvo stika fyrir tungumál:

- stika svartungumálsins sem gefur til kynna náttúrulega tungumálið sem notað er í stikunum fyrir svarið við „sækja lýsigögn niðurbætur“;
- stikann fyrir „studd tungumál“, sem inniheldur skrána yfir þau náttúrulegu tungumál sem niðurbætur stýður.

### 2.2.4. *Stikar fyrir lýsigögn landgagnasafna*

Gefa skal upp INSPIRE-lýsigagnastök tiltækra landgagnasafna. Fyrir hvert landgagnasafn skal að auki gefa upp skrána yfir þau tiltæku viðmiðunarhnitakerfi sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 1089/2010.

## 3. AÐGERÐIN „SÆKJA LANDGAGNASAFN“

### 3.1. **Beiðnin „sækja landgagnasafn“**

Beiðnin „sækja landgagnasafn“ felur í sér eftirfarandi stika:

- tungumál,
- kennimerki landgagnasafns,
- viðmiðunarhnitakerfi.

#### 3.1.1. *Tungumálsstiki*

Tungumálsstikinn skal gefa til kynna náttúrulega tungumálið sem beiðin er um fyrir landgagnasafnið.

#### 3.1.2. *Stiki kennimerkis landgagnasafns*

Stiki kennimerkis landgagnasafns skal fela í sér veffang landgagnasafnsins.

#### 3.1.3. *Stiki viðmiðunarhnitakerfis*

Stiki viðmiðunarhnitakerfis skal fela í sér eitt þeirra viðmiðunarhnitakerfa sem koma fyrir í skránni yfir tiltæk viðmiðunarhnitakerfi, sem um getur í lið 2.2.4.

## 3.2. **Svarið við „sækja landgagnasafn“**

### 3.2.1. *Stiki fyrir svarið við „sækja landgagnasafn“*

Svarstikinn fyrir „sækja landgagnasafn“ skal vera umbeiðin landgagnasafn, á umbeðnu tungumáli og í umbeðnu viðmiðunarhnitakerfi.

## 4. AÐGERÐIN „LÝSA LANDGAGNASAFNI“

### 4.1. **Beiðnin „lýsa landgagnasafni“**

Beiðnin „lýsa landgagnasafni“ skal fela í sér eftirfarandi stika:

- tungumál,
- kennimerki landgagnasafns.

#### 4.1.1. *Tungumálsstiki*

Tungumálsstikinn skal gefa til kynna náttúrulega tungumálið sem beiðin er um fyrir lýsinguna á landhlutartegundinni.

4.1.2. *Stiki kennimerkis landgagnasafns*

Stiki kennimerkis landgagnasafns skal fela í sér veffang landgagnasafnsins.

4.2. **Svarið við „lýsa landgagnasafni“**4.2.1. *Stiki fyrir svarið við „lýsa landgagnasafni“*

Svarstikinn fyrir „lýsa landgagnasafni“ skal vera lýsing á landhlutum í umbeðnu landgagnasafni og á umbeðnu tungumáli.

5. **AÐGERÐIN „TENGJA NIÐURHALSÞJÓNUSTU“**

Aðgerðin „tengja niðurhalsþjónustu“ gerir kleift að tilkynna að tiltæk sé niðurhalsþjónusta, sem uppfyllir skilyrði þessarar reglugerðar, til að hala niður tilföngum með niðurhalsþjónustu aðildarríkisins á sama tíma og tilföngin eru áfram hjá eigandanum.

5.1. **Beiðnin „tengja niðurhalsþjónustu“**5.1.1. *Stiki beiðinnar „tengja niðurhalsþjónustu“*

Stiki beiðinnar „tengja niðurhalsþjónustu“ skal veita allar upplýsingar um niðurhalsþjónustu opinbers yfirvalds eða þriðja aðila, sem uppfyllir skilyrði þessarar reglugerðar, og gera niðurhalsþjónustu aðildarríkis þannig kleift að veita aðgang að landgagnasöfnum og, þegar slíkt er gerlegt, að landhlutum frá niðurhalsþjónustu aðildarríkisins eða þriðja aðilans.

## B-HLUTI

**Niðurhalsaðgerðir með beinum aðgangi**6. **SKRÁ YFIR AÐGERÐIR**

Ef niðurhalsþjónustan veitir beinan aðgang að landgagnasöfnum skal hún veita þær aðgerðir sem skráðar eru í töflu 2 í þessum viðauka, auk aðgerðanna sem taldar eru upp í töflu 1.

*Tafla 2*

Aðgerð	Hlutverk
Sækja landhlut	Þessi aðgerð gerir kleift að sækja landhluti á grundvelli fyrirspurnar.
Lýsa landhlutartegund	Þessi aðgerð skilar lýsingu á þeim landhlutartegundum sem tilgreindar eru.

Beiðni- og svarstikar hverrar aðgerðar fullkomna lýsingu á hverri aðgerð og eru óaðskiljanlegur hluti af tækniforskriftum niðurhalsþjónustunnar.

7. **AÐGERÐIN „SÆKJA LANDHLUT“**7.1. **Beiðnin „sækja landhlut“**

Beiðnin „sækja landhlut“ skal styðja eftirfarandi stika:

- tungumál,
- kennimerki landgagnasafns,
- viðmiðunarhnitakerfi,
- fyrirspurn.

7.1.1. *Tungumálsstiki*

Tungumálsstikinn skal gefa til kynna náttúrulega tungumálið sem beðið er um fyrir landhlutina.

### 7.1.2. *Stiki kennimerkis landgagnasafns*

Stiki kennimerkis landgagnasafns skal fela í sér veffang umbeðins landgagnasafns. Ef stikinn er ekki gefinn upp skal gert ráð fyrir því að öll tiltæk landgagnasöfn hafi verið valin.

### 7.1.3. *Stiki viðmiðunarhnitakerfis*

Stiki viðmiðunarhnitakerfis skal fela í sér eitt viðmiðunarhnitakerfanna í skránni yfir viðmiðunarhnitakerfi sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1089/2010.

### 7.1.4. *Fyrirspurnarstiki*

Fyrirspurnarstikinn skal samanstanda af þeim leitarskilyrðum sem talin eru upp í C-hluta.

## 7.2. **Svarið við „sækja landhlut“**

Svarið við „sækja landhlut“ skal fela í sér eftirfarandi stika:

- landhlutasafn,
- lýsigögn landhlutasafns.

### 7.2.1. *Stiki fyrir landhlutasafn*

Stikinn fyrir landhlutasafn er það safn landhluta sem samræmist reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 og uppfyllir leitarskilyrðin sem tekin eru fram í fyrirspurninni, á umbeðnu tungumáli og í umbeðnu viðmiðunarhnitakerfi.

### 7.2.2. *Stiki fyrir lýsigögn landhlutasafns*

Stikinn fyrir lýsigögn landhlutasafns skal a.m.k. fela í sér INSPIRE-lýsigagnastök úr safni landhlutanna.

## 8. AÐGERÐIN „LÝSA LANDHLUTARTEGUND“

### 8.1. **Beiðnin „lýsa landhlutartegund“**

Beiðnin „lýsa landhlutartegund“ skal fela í sér eftirfarandi stika:

- tungumál,
- landhlutartegund.

#### 8.1.1. *Tungumálsstiki*

Tungumálsstikinn skal gefa til kynna náttúrulega tungumálið sem beðið er um fyrir lýsinguna á landhlutartegundinni.

#### 8.1.2. *Stiki landhlutartegundar*

Stikinn fyrir landhlutartegundina skal fela í sér mállega hlutlaust heiti landhlutartegundarinnar eins og það er tilgreint í reglugerð (ESB) nr. 1089/2010. Ef stikinn er ekki gefinn upp skal gert ráð fyrir því að allar tegundir landhluta hafi verið valdar.

## 8.2. **Svarið við „lýsa landhlutartegund“**

### 8.2.1. *Stiki fyrir svarið við „lýsa landhlutartegund“*

Stikinn fyrir svarið við „lýsa landhlutartegund“ er lýsingin á viðkomandi landhlutartegund, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010.

## C-HLUTI

**Leitarskilyrði fyrir aðgerðina „sækja landhlut“**

Innleiða skal eftirfarandi leitarskilyrði að því er varðar aðgerð niðurbæturáttunnar „sækja landhlut“:

- veffang landgagnasafns,
- allar lykileigindir sem skipta máli og tengsl milli landhluta, eins og segir í reglugerð (ESB) nr. 1089/2010, einkum einkvæmt kennimerki landhlutar og eiginleikar tímabáttanna, þ.m.t. dagsetning uppfærslu,
- afmörkunarsvæði, gefið upp í einhverju þeirra viðmiðunarhitakerfa sem talin eru upp í reglugerð (ESB) nr. 1089/2010,
- landgagnaþema.

Leitarþjónustan skal styðja rökverkja og samanburðarverkja svo hægt sé að finna landhluti með samsetningu leitarskilyrða.“

---



## III. VIÐAUKI

## „V. VIÐAUKI

## VÖRPUNARÞJÓNUSTA

## Vörpunaraðgerðir

## 1. SKRÁ YFIR AÐGERÐIR

Til að vera í samræmi við d-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB verður vörpunarþjónustan að geta framkvæmt aðgerðirnar sem taldar eru upp í töflu 1 í þessum viðauka.

Tafla 1

Starfsemi	Hlutverk
Sækja lýsigögn vörpunarþjónustu (e. <i>Get Transformation Service Metadata</i> )	Veitir allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustuna og lýsir þjónustugetunni, þ.m.t. studdur vörpunarflokkur, studdar varpanir, viðurkenndar tegundir ílagsgagna, studd skilgreining á líkani og vörpunarmál.
Vörpun (e. <i>Transform</i> )	Framkvæmir sjálft vörpunarferlið
Tengja vörpunarþjónustu (e. <i>Link Transformation Service</i> )	Gerir kleift að tilkynna að tiltæk sé vörpunarþjónusta til að varpa landgagnasöfnum með vörpunarþjónustu aðildarríkisins, á sama tíma og vörpunargetan er áfram hjá opinbera yfirvaldinu eða þriðja aðilanum.

Beiðni- og svarstíkar hverrar aðgerðar fullkomna lýsinguna á hverri aðgerð og eru óaðskiljanlegur hluti af tækniforskriftum vörpunarþjónustunnar.

## 2. AÐGERÐIN „SÆKJA LÝSIGÖGN VÖRPUNARÞJÓNUSTU“

## 2.1. Beiðnin „sækja lýsigögn vörpunarþjónustu“

## 2.1.1. Stíki beiðinnar „sækja lýsigögn vörpunarþjónustu“

Stíki beiðinnar „sækja lýsigögn vörpunarþjónustu“ skal gefa til kynna náttúrulegt tungumál sem notað er til að tjá efni svarsins við „sækja lýsigögn vörpunarþjónustu“.

## 2.2. Svarið við „sækja lýsigögn vörpunarþjónustu“

Í svarinu við „sækja lýsigögn vörpunarþjónustu“ skulu eftirfarandi stíkar koma fram:

- lýsigögn vörpunarþjónustu,
- lýsigögn aðgerða,
- tungumál.

## 2.2.1. Stíki fyrir lýsigögn vörpunarþjónustu

Stíkin fyrir lýsigögn vörpunarþjónustunnar skal a.m.k. ná yfir INSPIRE-lýsigagnastök vörpunarþjónustunnar.

## 2.2.2. Stíki fyrir lýsigögn aðgerða

Stíkin fyrir lýsigögn aðgerða veitir lýsigögn um aðgerðirnar sem vörpunarþjónustan framkvæmir.

Hann skal lýsa hverri aðgerð, en í því felst a.m.k. lýsing á gögnunum sem skipst er á og netnúmerinu, og skal telja eftirfarandi upp:

- vörpunarflokkarnir sem aðgerðin „vörpun“ viðurkennir,

- kóðunin fyrir ílagið „landgagnasafn“ sem aðgerðin „vörpun“ viðurkennir,
- gagnalíkanstungumálin sem aðgerðin „vörpun“ viðurkennir,
- líkansvörpunarmálin (e. *Model Mapping languages*) sem aðgerðin „vörpun“ viðurkennir.

### 2.2.3. Tungumálastiki

Gefa skal upp tvo stika:

- stika svartungumálsins sem gefur til kynna náttúrulega tungumálið sem notað er í stikunum fyrir svarið við „sækja lýsigögn vörpunarþjónustu“,
- stikann fyrir „studd tungumál“, sem inniheldur skrána yfir þau náttúrulegu tungumál sem vörpunarþjónustan styður.

## 3. AÐGERÐIN „VÖRPUN“

### 3.1. Beiðnin „vörpun“

Beiðnin „vörpun“ skal fela í sér eftirfarandi stika:

- ílagslandgagnasafn,
- frumlíkan (e. *Source Model*),
- marklíkan (e. *Target Model*),
- líkansvörpun.

#### 3.1.1. Stiki fyrir ílagslandgagnasafn

Stikinn fyrir ílagslandgagnasafn skal gefa til kynna það landgagnasafn sem til stendur að varpa.

#### 3.1.2. Stiki fyrir frumlíkan

Stikinn fyrir frumlíkan skal tilgreina líkan ílagslandgagnasafnsins.

#### 3.1.3. Stiki fyrir marklíkan

Stikinn fyrir marklíkan skal tilgreina það líkan sem ílagslandgagnasafninu skal varpað í.

#### 3.1.4. Stiki fyrir líkansvörpun

Stikinn fyrir líkansvörpun skal tilgreina hvernig vörpun frumlíkans yfir í marklíkan er háttað.

### 3.2. Svar við „vörpun“

#### 3.2.1. Stiki fyrir svarið við „vörpun“

Stikinn fyrir svarið við „vörpun“ skal innihalda landgagnasafnið sem varpað er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010.

## 4. AÐGERÐIN „TENGJA VÖRPUNARÞJÓNUSTU“

### 4.1. Beiðnin „tengja vörpunarþjónustu“

#### 4.1.1. Stiki beiðninnar „tengja vörpunarþjónustu“

Stiki beiðninnar „tengja vörpunarþjónustu“ skal veita allar upplýsingar um vörpunarþjónustu opinbera yfirvaldsins eða þriðja aðilans í samræmi við þessa reglugerð og þannig gera vörpunarþjónustu aðildarríkisins kleift að nota vörpunarþjónustu opinbera yfirvaldsins eða þriðja aðilans.“